



DEILISKIPULAG, ÞÉTTBYLISKJARNI Í AÐALDAL



Skipulag í gildi, samþykkt 19. desember 1996


X=571200
Y=599100



X=571200
Y=598900

X=571550
Y=599100

X=571550
Y=598900



Breytt skipulag, mkv. 1:1.000

1. FORSENDUR

Þéttbýlissvæðið í Aðaldal er við heimróð að Garði, vestan við þjóðveg 845. Skipulagsvæðið er 6,66 ha. Þar eru nú götur Viðgerði og löggerði og við þær standa þrjár byggingar: leikskólinn Barnaborg, íbúðarhús og aðstaða Hjálparseitar skóla.

Deiliskipulag fyrir svæðið unnið af Skúla H. Norðdahl, arkitekt, var samþykkt af hreppsnefnd Aðaldælahrepps þann 4. mars 1991. Í skipulaginu voru skilgreindar 20 lóðir fyrir einbýlishús og parhús, ein lóð fyrir stofnanir, þrjár athafnalóðir meðfram þjóðvegi og opið útivistarsvæði. Breyting á skipulaginu var samþykkt af Skipulagsstjóra ríkisins þann 19. desember 1996. Þar voru m.a. sameinaðar tvær íbúðarlóðir í lóð fyrir leikskóla.

Skipulagsbreyting þessi byggir í meginráttum á eldra skipulagi og með samþykkt fellur eldri uppdráttur úr gildi. Hún felst í uppferlu þar sem skipulagsuppdráttur er hnitsettur í Ísnet3. Eftirtaldir breytingar eru gerðar á deiliskipulaginu:

- Parhúsaloðir verða fjórar í stað þriggja.
- Einbýlishúsaloðir verða fjórtán í stað ellefu.
- Stofnanalóð þar sem nú er leikskóli verður íbúðarlóð.
- Löggerði 1 er lóð fyrir samfélagsþjónustu, óháð eignaraðild.
- Þrjár athafnalóðir (nr. 3-7) hafa sveigjanlega afmörkun og geta orðið tvær.
- Vegtenging til suðurs að Hlégarði felld út.
- Ný lóð fyrir fráveitu afmörkuð.
- Skipulagsmörk miðast við innmæld eignamörk lands sveitarfélagsins og aðkomuveg að Garði með norðri.

2. DEILISKIPULAGSÁKVÆÐI


2.1. ALMENN ÁKVÆÐI

2.1.1. YFIRBRAGÐ

Yfirbragð og þéttleiki byggðarinnar skal miðast við eiginleika íbúðarbyggðar í sveit sem m.a. byggist á góðu aðgengi að opnu landi. Lögð er áhersla á vandaða hönnun íbúðarhúsnæðis og skal taka mið af staðhættum á hverjum stað.

2.1.2. BYGGINGAR

Þök skulu vera hallandi, mænispök eða einhalla, á bilinu 14°-22° (1:4 – 1:2,5). Skýringarmynd sýnir hámarks vegg- og mænishæðir.



2.1.3. LÓÐIR

Frágangur lóða skal almennt vera í samræmi við ákvæði gildandi byggingarreglugerðar. Gera skal ráð fyrir dvalarsvæði utanhúss til suðurs og skulu byggingar vera skjólmyndandi. Leyfilegt er að byggja við núverandi hús, s.s. sólskála eða útbýggingu rúmist heildar byggingarmagn innan skipulagsákvæða og byggingarreits.

Athafnalóðir nr. 3-7 eru með sveigjanlega afmörkun lóðarhluta og er gert ráð fyrir 2-3 lóðum. Með sveigjanleika gefst kostur á að bregðast við breyttum þörfum og eftirspurn. Miðað er við að afmörkun byggingarretta sé 6 m frá lóðarmörkum. Fara skal með ákvörðun lóðamarka athafnalóða sem óvulegar breytingar á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2.1.4. OPIN SVÆÐI

Allar lóðir hafa aðgengi að opnu landi en þar skal gera ráð fyrir útivistar- og leiksvæði.

2.1.5. GATNAKERFI OG BÍLASTÆÐI

Í göturýminu er akbraut, hlíðarsvæði, 2 m breið gangstétt og 2 m svæði fyrir bílastæði og ofanvatnslausnir. Breidd göturýmis við Viðgerði er 9,5 m en 11,5 m við löggerði. Tvö bílastæði fyrir hverja íbúð skulu vera innan lóða. Almenn bílastæði í götum eru ómerkt.

2.1.6. OFANVATNSLAUSNIR

Ofanvatn af götum og gangstéttum verður leitt í gegnum gegndræpt yfirborð undir bílastæðum meðfram húsagötum, þar sem það síast í gegnum sandbeð áður en það fer út í jarðveg/grunnvatn. Akbrautir og gangstéttar skulu halla að bílastæðum. Einnig skal gera ráð fyrir niðurföllum með tengingu í sandfang í lágpunktum gatnakerfisins til

þess að komast hjá vatnsuppstöðum yfir vetrartímann. Frekari útfærsla verður ákvæðin í verkhönnun.

2.1.7. VEITUR

Orkuveita Húsavíkur sér svæðinu fyrir hitaveitu. Hitaveitulögn liggur meðfram þjóðvegi og háspennustrengur við suðurmörk skipulagsvæðisins. Gert er ráð fyrir að tengjast vatnsveitu á svæðinu.

Gert er ráð fyrir tvöföldu fráveitukerfi þar sem svartvatn (salerniskólp) verður aðgreint frá grávatni (þvottvatn, önnur vatnsnotkun) og því safnað í söfnunartank eða -tanka og síðan flutt á förgunarstað. Grávatn verður leitt í sameiginlega fellibro og hreinsað í siturbæði áður en það fer út í jarðveg/grunnvatn. Skilgreind er lóð þar sem mögulegt er að hafa safntank fyrir svartvatn og fellibro og siturbæði fyrir grávatn. Mannvirki verða neðanjarðar.

Útfærsla fráveitukerfis, t.d. hvort gert verður ráð fyrir einum sameiginlegum söfnunartanki fyrir svartvatn eða söfnunartanki við hvert hús, verður unnin síðar og kallar ekki á breytingu á deiliskipulagi.

2.2. FRAMKVÆMD SKIPULAGSINS

Eftir gildistöku deiliskipulagsins skulu framkvæmdir á skipulagsvæðinu vera í samræmi við ákvæði þess.

3. ÁHRIFAMAT

Í skipulaginu eru ekki skilgreindar heimildir til framkvæmda, sem líklegar eru til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif eða falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Deiliskipulagið fellur því ekki undir ákvæði laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætjana.

Skipulagsvæðið er á verndarsvæði vatnasviðs Mývatns og Laxár. Svæðið er á röskuðu ræktuðu landi og að hluta á grónu nútímahrauni sem einkennir landslag í Aðaldal.

4. BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU

Skipulagsmörkun er breytt til samræmis við innmæld afmörkun lands, sem Aðaldælahreppur keypti á sínum tíma. Lóðum nr. 11 og 13 er breytt til samræmis. Flatarmál lóða leiðrétt og nýtingarhlutfall íbúðarlóða endurskoðað og samræmt. Skilgreining á lóðinni að löggerði 1 er færð til samræmis við ákvæði aðalskipulags.




Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022 þéttbýlissvæðið í Aðaldal

SKÝRINGAR

- Skipulagsmörk
 - Lóðamörk
 - - - - Lóðamörk, ákvörðuð við úthlutun (á mæliblaði)
 - Íbúðaloðir
 - Athafnalóðir
 - Lóð fyrir samfélagsþjónustu
 - Lóð fráveitu
 - Byggingarreitir
 - Húsgerd-hæð-íbúðir | Nýtingarhlutfall Flatarmál lóðar
 - Bílastæði innan lóða
 - Gatnakerfi
 - Kvöð um trjágróður
 - Núverandi byggingar
 - Opið land
 - Veghelgunarsvæði - opið land
 - ⊙ Hitaveita (aðalskipulagslína)
 - ⊙ Rafveita, háspenna (aðalskipulagslína)
- P - parhús
E - einbýlishús
A - atvinnuhúsnæði
V - fráveita
- Hlíðarsvæði
Akbraut
Ofanvatnslausn (burðarhæft gegndræpt yfirborð)
Gangstétt

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 12. október 2019 til 23. nóvember 2019 var samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd þann 23. maí 2019

og í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar þann 14. júní 2019



Gildistaka deiliskipulagsins var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda

TEIKNISTOFA ARKITEKTA GYLFÍ GÜBJÓNSSON OG FELAGAR ehf. arkitektar fal		Þéttbýliskjarni í Aðaldal Breyting Deiliskipulagsuppdráttur	VERK 18-466 BLAÐ 01
HANNAÐ	ÁÓ, AKG	TEIKNAD	ÁÓ, AKG
DAGS	23.8.2018, 22.5.2019, 16.7.2019		BREYTT
KVARDI	1:1.000, blaðstærð A2		